



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík: 19.3 2020
Tilvísun: 202003-0003

Efni: um tímabundnar greiðslur vegna launa einstaklinga sem sæta sóttkví samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda án þess að sýna merki þess að vera sýktir. 667 mál.

Alþýðusamband Íslands er sammála meginefni frumvarpsins sem unnið var í samræmi við þríhliða yfirlýsingu Alþýðusambands Íslands, Samtaka atvinnulífsins og ríkisstjórnarinnar frá 5.3 2020 um nauðsyn þess að hægja á útbreiðslu COVID-19.

Eftir að vinna hófst við gerð frumvarpsins var sett á tímabundið samkomubann. Af þeim ástæðum hefur orðið alvarleg röskun á skólastarfi þannig að nemendum er gert að sækja ekki skóla tiltekna daga eða tilteknar stundir dagsins. Af þeim ástæðum geta margir foreldrar ekki sótt vinnu þar sem þeir geta ekki komið við gæslu barna sinna. Jafnframt hafa heilbrigðisyfirvöld hvatt til þess að samgangur barna og eldri kynslóða, afa og ömmu, verði takmörkuð til verndar þeim síðarnefndu. Samkomubann yfirvalda getur þannig haft sömu beinu áhrifin á launafólk eins og sóttkví þess sjálfs. Af þessum ástæðum gerði ASÍ, að höfðu samráði við SA, tillögur um að frumvarpinu yrði breytt til þess að ná utan um þennan hóp launafólks.

Brýna nauðsyn ber til þess að frumvarpinu verði breytt á þann veg sem lagt hefur verið til og allt gert til þess að grípa þann hóp launafólks sem er að missa talsverðan hluta tekna sinna þar sem það getur ekki efnt ráðningarsamning sinn að fullu. Engin úrræði eru fyrir þennan hóp félagsmanna í kjarasamningum sem allir miða við að börn þurfi að vera alvarlega veik til þess að greiðsluréttur stofnist vegna fjarvista foreldra úr vinnu.

Hópurinn sem í hlut á er að nokkru leyti í störfum hjá stofnunum ríkis og sveitarfélaga og sjálfseignarstofnunum á velferðarsviði. Það eru að jafnaði lágláunastörf þegar kemur að félagsmönnum aðildarfélaga ASÍ. Þessar stofnanir munu ekki uppfylla skilyrði til þess að beita væntanlegum úrræðum sem byggjast munu á skertu starfshlutfalli sem er úrræði sem er sniðið að þörfum fyrirtækja á almennum vinnumarkaði sem draga þurfa úr starfsemi. Hinar opinveru stofnanir þurfa að halda uppi óbreyttri og jafnvel aukinni þjónustu.

Heilbrigðisyfirvöld leggja einnig mikla áherslu á að smit nái ekki til viðkvæmra hópa. Sá hópur sætir ekki sóttkví skv. fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda en ASÍ telur brýnt að haga málum þannig að úrræði frumvarpsins nái einnig til þeirra enda fari það í sóttkví að læknisráði. Breytingar hafa verið lagðar til í þessu efni á 5.gr. frumvarpsins.

Til frekari glöggvunar fylgir umsögn þessari frumvarp ráðherra með innfeldum þeim breytingum sem varða efni þessarar umsagnar. Það er gert í stað þess að tilgreina þær í löngu máli í umsögn þessari.

Virðingarfyllst,

Drífa Snædal, forseti ASÍ.

Alþýðusamband Íslands

Sartou 1 • Reykjavík
Sími 535 9600 • Fax 535 9601
asi@asi.is • www.asi.is

Frumvarp til laga

um tímabundnar greiðslur vegna launa einstaklinga sem sæta sóttkví samkvæmt
fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda án þess að sýna merki þess að vera sýktir o.fl.

Frá félags- og barnamálaráðherra.

1. gr.

Gildissvið.

Lögin taka til greiðslna til atvinnurekenda sem greitt hafa launamönnum sem sæta sóttkví eða sem hafa ekki getað sótt vinnu vegna takmarkana á skólagöngu barna, 13 og yngri, sem þeir fara með foræði vfir. laun á tímabilinu frá 1. febrúar 2020 til og með 30. apríl 2020. Enn fremur gilda lögin um greiðslur til launamanna ~~sem sæta sóttkví á sama tímabili en fá ekki greidd laun frá atvinnurekanda~~ við þær aðstæður sem greinir í l.mls.: Þá gilda lögin um greiðslur til sjálfstætt starfandi einstaklinga sem sæta sóttkví á sama tímabili.

2. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að styðja atvinnurekendur sem greiða launamönnum sem sæta sóttkví laun þegar önnur réttindi, svo sem veikindaréttur samkvæmt kjarasamningum, eiga ekki við og tryggja jafnframt. ~~Með því er stefnt að því~~ að einstaklingar geti fylgt fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda ~~um að sæta~~ sóttkví og samkomubann án þess að hafa áhyggjur af afkomu sinni.

3. gr.

Orðskýringar.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Launamaður:* Einstaklingur sem starfar fyrir og á ábyrgð atvinnurekanda gegn endurgjaldi.
2. *Sjálfstætt starfandi einstaklingur:* Hver sá sem starfar við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi í því umfangi að honum sjálfum er gert að standa mánaðarlega eða með öðrum reglulegum hætti skil á staðgreiðslu af reiknuðu endurgjaldi og tryggingagjaldi vegna starfs síns samkvæmt reglum ríkisskattstjóra um reiknað endurgjald.
3. *Sóttkví:* Þegar einstaklingi er gert að einangra sig eins og kostur er, einkum í heimahúsi, samkvæmt beinum fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda þegar hann hefur mögulega smitast af sjúkdómi en sýnir ekki merki þess að vera sýktur.
- 3.4. *Takmarkanir á skólagöngu:* Skert skólastarf vegna fyrirmæla heilbrigðisyfirvalda um samkomubann eða lokun stofnunar og/eða fyrirmæli um sóttkví nemanda.

4. gr.

Yfirstjórn og framkvæmd.

Ráðherra fer með yfirstjórn samkvæmt lögum þessum. Vinnumálastofnun annast framkvæmd laganna.

5. gr.

Skilyrði fyrir greiðslum vegna launamanna.

Heimilt er að greiða atvinnurekanda launakostnað, eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum þessum, hafi hann greitt launamanni ~~sem sætir sóttkví~~ laun skv. 1.gr. Skilyrði fyrir greiðslum eru að:

- launamaður hafi sætt sóttkví eða barn á forræði hans, 13 ára eða yngra sætt takmörkunum á skólagöngu;
- launamaður hafi ekki getað sinnt vinnu að öllu leyti eða að hluta þaðan sem hann sætti sóttkví eða gat ekki sótt vinnu,
- önnur atvik hafi ekki staðið í vegi fyrir því að launamaður hafi getað mætt til vinnu á vinnustað, og
- atvinnurekandi hafi sannanlega greitt launamanni laun á meðan á forföllum stóð hann sætti sóttkví.

Heimilt er að greiða launamanni launatap hafi hann ekki fengið greidd laun, svo sem vegna rekstrarörðugleika eða tekjufalls atvinnurekanda, á þeim tíma er skilyrði a.liðar 1.mgr. eiga við launamaðurinn sætti sóttkví enda séu skilyrði ba-c-liðar 1. mgr. uppfyllt. Vinnumálastofnun er heimilt að óska eftir staðfestingu frá atvinnurekanda um að laun hafi ekki verið greidd fyrir það tímabil sem launamaður/launamaður -var fjarverandi vegna þeirra ástæðna sem í a. lið 1.mgr. greinir sætti sóttkví sem og eftir upplýsingum um ástæður þess að laun hafi ekki verið greidd.

Heimilt er þrátt fyrir ákvæði a. liðar 1.mgr., að greiða launamanni laun sem að lækni ráði vegna alvarlegs undirliggjandi sjúkdóms fer í sóttkví, með sömu skilyrðum og greinir í 2. mgr. enda leggi hann fram gilt vottorð læknis þar um.

6. gr.

Fjárhæð greiðslna vegna launamanna.

Greiðsla til atvinnurekanda skal taka mið af heildarlaunum launamanns í þeim almanaks mánuði eða almanaxsmánuðum sem hann var í sóttkví eða forfallaður vegna skertrar skólagöngu barns. Til launa teljast hvers konar laun og aðrar þóknanir samkvæmt lögum um tryggingagjald þann mánuð sem launamaður ~~mi~~ var ~~gert að sæta sóttkví~~ fjarverandi. Til að finna út fjárhæð greiðslna fyrir hvern dag skal miða við 30 daga í mánuði.

Þegar launamaður sækir um greiðslu á grundvelli 2. mgr. 5. gr. skal greiðsla taka mið af heildarlaunum hans fyrir undanfarandi almanaxsmánuð áður en honum var gert að sæta sóttkví eða hann forfallaðist vegna skertrar skólagöngu barns. Heildargreiðslur til launamanns geta þó aldrei verið hærrí en sem nemur mismun heildarlauna þann mánuð sem honum var gert að sæta sóttkví eða hann forfallaður vegna skertrar skólagöngu barns og heildarlauna undanfarandi mánaðar. Vinnumálastofnun ráðstafar 4% af greiðslunni til lífeyrissjóðs launamanns. Jafnframt greiðir Vinnumálastofnun 11,5% móttframlag.

Þegar atvinnuleysisbætur hafa verið greiddar samhliða minnkuðu starfshlutfalli skal þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. miða við heildarlaun þann síðasta almanaxsmánuð sem hann fékk laun í áður en starfshlutfall var minnkað.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. geta greiðslur aldrei verið hærri en 633.000 kr. fyrir launamann miðað við heilan almanaksmánuð. Hámarkgreiðslur fyrir hvern dag sem launamaður sætir sóttkví nema því 21.100 kr.

7. gr.

Skilyrði fyrir greiðslum til sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Heimilt er að greiða sjálfstætt starfandi einstaklingi launatap, eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum þessum, hafi hann orðið að leggja niður störf á meðan hann sætir sóttkví. Skilyrði fyrir greiðslum eru að:

- a. sjálfstætt starfandi einstaklingur hafi sætt sóttkví,
- b. sjálfstætt starfandi einstaklingur hafi ekki getað sinnt vinnu að öllu leyti eða hluta þaðan sem hann sætti sóttkví,
- c. önnur atvik hafi ekki staðið í vegi fyrir því að sjálfstætt starfandi einstaklingur hafi getað unnið störf sín,
- d. sjálfstætt starfandi einstaklingur sé með opinn rekstur auk þess að hafa staðið í skilum á greiðslu tryggingagjalds og staðgreiðslu skatts af reiknuðu endurgjaldi samkvæmt ákvörðun skattyfirvalda a.m.k. þrjá mánuði á undanfarandi fjórum mánuðum fyrir umsóknardag.

8. gr.

Fjárhæð greiðslna vegna sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Greiðsla til sjálfstætt starfandi einstaklings sem sætir sóttkví skal taka mið af 80% af mánaðarlegum meðaltekjum hans. Til að finna meðaltekjur sjálfstætt starfandi einstaklings skal taka mið af meðaltali reiknaðs endurgjalds sem greitt hefur verið tryggingagjald af og skal miða við tekjuárið 2019. Til að finna út fjárhæð greiðslna fyrir hvern dag skal miða við 30 daga í mánuði.

Þrátt fyrir 1. mgr. geta greiðslur aldrei verið hærri en 633.000 kr. miðað við heilan almanaksmánuð. Hámarkgreiðslur fyrir hvern dag sem sjálfstætt starfandi einstaklingur sætir sóttkví nema 21.100 kr.

9. gr.

Umsóknir um greiðslur.

Í umsókn um greiðslu skal tilgreina þá einstaklinga sem sótt er um greiðslu fyrir og þá daga sem þeir lögðu niður störf sökum þess að þeim var gert að sæta sóttkví skv. a. lið 5. gr. Umsókn skal vera skrifleg og henni skulu fylgja fullnægjandi gögn og upplýsingar að mati Vinnumálastofnunar svo unnt sé að taka afstöðu til þess hvort skilyrði laganna fyrir greiðslu séu uppfyllt, þ.m.t. afrit af fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda um að viðkomandi skuli sæta sóttkví, ákvörðun um samkomubann og skipulag skólustarfs og launaseðla fyrir þann almanaksmánuð sem forfallsóttkví stóðu yfir sem og undanfarandi almanaksmánuð.

Umsóknir skulu afgreiddar þegar allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn hafa borist. Vinnumálastofnun er heimilt að synja umsókn um greiðslu hafi nauðsynlegar upplýsingar og gögn ekki borist innan 45 daga frá þeim degi er umsóknin barst stofnuninni.

Umsóknir um greiðslur samkvæmt lögum þessum skulu berast Vinnumálastofnun í síðasta lagi 1. júlí 2020. Hafi umsókn ekki borist fyrir það tímamark fellur réttur til greiðslu niður.

10. gr.

Heimild til upplýsingaöflunar.

Vinnumálastofnun er heimilt að afla upplýsinga frá Skattinum, Tryggingastofnun ríkisins, Sjúkratryggingum Íslands, embætti landlæknis, hlutaðeigandi atvinnurekendum, stéttarfélögum og heildarsamtökum stéttarfélaganna sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að framfylgja lögum þessum og ber framangreindum aðilum að veita stofnunni þær upplýsingar sem hún óskar eftir, enda búi þeir yfir þeim. Hið sama á við um öflun nauðsynlegra upplýsinga frá launamönnum og sjálfstætt starfandi einstaklingum sem hafa þurft að leggja niður störf í sóttkví.

11. gr.

Ósamrýmanlegar greiðslur.

Skilyrði greiðslna samkvæmt lögum þessum teljast ekki uppfyllt njóti launamaður eða sjálfstætt starfandi einstaklingur slysadagpeninga samkvæmt lögum um slysatryggingar almennatrygginga, sjúkradagpeninga samkvæmt lögum um sjúkratryggingar, endurhæfingarlífeyris samkvæmt lögum um félagslega aðstoð eða greiðslna úr sjúkrasjóðum stéttarfélaganna sem koma til vegna óvinnufærni að fullu eða vegna umönnunar barna á sama tímabili. Sama á við njóti launamaður eða sjálfstætt starfandi einstaklingur greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof eða Atvinnuleysisstryggingasjóði samkvæmt lögum um atvinnuleysisstryggingar.

12. gr.

Leiðrétting á greiðslum.

Atvinnurekandi, launamaður eða sjálfstætt starfandi einstaklingur sem lætur hjá líða að veita nauðsynlegar upplýsingar um það sem kann að hafa áhrif á rétt hans samkvæmt lögum þessum á ekki rétt á greiðslu.

Hafi umsækjandi fengið hærri greiðslur en hann átti rétt á eða fengið greiðslur fyrir tímabil sem skilyrði laganna voru ekki uppfyllt ber honum að endurgreiða þá fjárhæð sem ofgreidd var.

Ákvarðanir Vinnumálastofnunar um endurkröfu á ofgreiðslum til umsækjenda eru aðfararhæfar.

13. gr.

Málskot.

Stjórnvaldsákvæðanir Vinnumálastofnunar samkvæmt lögum þessum sæta kæru til úrskurðarnefndar velferðarmála. Úrskurðir úrskurðarnefndarinnar um endurkröfu á ofgreiðslum samkvæmt lögum þessum eru aðfararhæfir. Um málsmeðferð hjá nefndinni fer samkvæmt ákvæðum laga um úrskurðarnefnd velferðarmála.

Úrskurðir úrskurðarnefndar velferðarmála á grundvelli laga þessara eru endanlegir á stjórnsýslustigi og verður ekki skotið til æðra stjórnvalds.

14. gr.

Reglugerðarheimild.

Ráðherra er heimilt að kveða á um nánari framkvæmd laga þessa í reglugerð, þ.m.t. um málsmeðferð framkvæmdaraðila.

15. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð með breytingum.

Frá því vinna hófst við gerða frumvarpsins hefur verið sett á tímabundið samkomubann. Af þeim ástæðum hefur orðið alvarleg röskun á skólastarfi þannig að nemendum er gert að sækja ekki skóla tiltekna daga eða tiltekna stundir dagsins. Í augum liggur uppi, að margir foreldrar geta ekki komið við gæslu barna sinna og heilbrigðisyfirvöld hafa hvatt til þess að samgangur barna og eldri kynslóða, afa og ömmu, verði takmörkuð til verndar þeim síðarnefndu. Samkomubann yfirvalda getur þannig haft sömu beinu áhrifin á launafólk eins og sóttkví þess sjálfs. Jafnframt gerði frumvarpið ekki ráð fyrir þeirri stöðu að barn þurfi að sæta sóttkví en ekki foreldri en við þær aðstæður þegar um yngri börn er að ræða eru öldungis þær sömu og ef foreldrið sjálf þarf að sæta sóttkví. Lagt er til að notuð verði sömu viðmið um aldur barna eins og gert er í kjarasamningum þ.e. 13 ára og yngri.

Heilbrigðisyfirvöld leggja mikla áherslu á að smit nái ekki til viðkvæmra hópa. Sá hópur sætir ekki sóttkví skv. fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda en brýnt að haga lögum þannig að úrræði frumvarpsins nái einnig til þeirra.

Samhliða þessu frumvarpi liggur fyrir alþingi frumvarp til breytinga á lögum um atvinnuleysisstryggingar þar sem mælt er fyrir um hlutabætur á móti launum. Við þær aðstæður geta laun lækkað. Hafi launamaður samþykkt skert starfshlutfall á grundvelli þeirra laga og sætt lækun launa af þeim ástæðum er lagt til að miðað verði við þann launamánuð sem á undan skertu starfshlutfalli fór, líkt og t.d. á við um fæðingarorlof.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta er lagt fram í ljósi breyttra aðstæðna á vinnumarkaði þar sem mikil óvissa ríkir vegna kórónuveiru (SARS-CoV-2) sem veldur COVID-19-sjúkdómnum. Ljóst þykir að veirufaraldurinn COVID-19 komi til með að hafa bein áhrif hér á landi, m.a. á atvinnulífið og stöðu ríkissjóðs.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Með sameiginlegri yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins, sem undirrituð var 5. mars 2020, náðist sátt um samfélagslega nauðsyn þess að hægja á útbreiðslu COVID-19-veirunnar. Í yfirlýsingunni kom fram að ríkisstjórn Íslands, Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands væru sammála um nauðsyn þess að hægja á útbreiðslu COVID-19-veirunnar. Vitað sé að veiran er meira smitandi en hefðbundin influensa og að bóluefni er ekki fyrir hendi. Veiran og aðgerðir gegn henni hafi þegar haft áhrif á vinnumarkaðinn og samfélagið allt og að búast megi við að þau áhrif muni aukast. Í yfirlýsingunni kemur jafnframt fram að markmið sóttvarna sé að hægja á útbreiðslu veirunnar, vernda viðkvæma hópa fyrir smiti og draga úr álagi á heilbrigðiskerfið og innviði samfélagsins á meðan veiran gengur yfir. Sóttkví sé mikilvægt úrræði í þessu skyni og er því beint til fólks, sem af ýmsum ástæðum má ætla að sé í verulegri hættu að smitast eða smita aðra, að það virði fyrir mæli heilbrigðisyfirvalda um að dvelja í sóttkví. Þá kemur fram í yfirlýsingunni að ákvörðun um sóttkví sé tekin með hagsmuni heildarinnar í huga og því mikilvægt að einstaklingar geti fylgt fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda um að fara í sóttkví án þess að hafa áhyggjur af afkomu sinni.

Velferðarnefnd Alþingis,
Nefndasviði Austurstræti 8 – 10, Reykjavík

Reykjavík, 18. mars 2020

Efni: Frumvarp til laga um tímabundnar greiðslur vegna launa einstaklinga sem sæta sóttkví skv. fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda án þess að sýna merki þess að vera sýktir á þskj. 1131 – 667. mál á 150 löggjafarþingi.


Bandalag háskólamanna (BHM) fagnar fram komnu frumvarpi félags- og barnamálaráðherra og styður afgreiðslu þess á Alþingi að tilskilinni einni breytingu á 7. grein þess.

Til að tryggja réttindi sjálfstætt starfandi einstaklinga sem skikkaðir eru í sóttkví leggur BHM til að við d-lið 7. gr. frumvarpsins bætist einn málslíður:

Þó er heimilt að, hafi sjálfstætt starfandi einstaklingur greitt trygginagjald í einu lagi fyrir tekjuárið 2019, miða launatap skv. 1. mgr. við meðaltal reiknaðs endurgjalds þess árs.

Með þessari breytingu er komið til móts við þá sjálfstætt starfandi einstaklinga sem gera upp við skattinn í einni árlegri greiðslu.

Virðingarfyllst,



Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. mars 2020

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp um tímabundnar greiðslur vegna launa einstaklinga sem sæta sóttkví

BSRB hefur tekið til umsagnar mál nr. 667, lagafrumvarp um tímabundnar greiðslur vegna launa einstaklinga sem sæta sóttkví.

BSRB fagnar frumkvæði stjórnvalda í þessu máli og telur mikilvægt að frumvarpið verði að lögum sem fyrst. BSRB og aðildarfélög þess hafa undanfarna daga mótttekið fjölmargar fyrirspurnir vegna Covid-19 faraldursins, og snúa margar þeirra að réttindum starfsmanna í sóttkví.

BSRB hefur ekki athugasemdir við þær greinar frumvarpsins sem liggja fyrir. Þó telur BSRB rétt að bætt verði við heimild til að greiða laun til starfsmanns sem þarf að vera heima vegna þess að barn viðkomandi er í sóttkví. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur einnig bent á þetta atriði. Nú þegar eru margir foreldrar í þessari stöðu og kjarasamningsákvæði um rétt til launaðra fjarvista vegna veikinda barna ná ekki til þessarar stöðu í öllum tilvikum.

Þá vill BSRB einnig vekja athygli á stöðu foreldra nú þegar skólastarf víðast hvar er skert. Foreldrar eiga misauðvelt með að vinna í fjarvinnu heiman frá sér og fer það algjörlega eftir því hvaða störfum þeir sinna. BSRB hefur talað fyrir því að það sé samfélagsleg ábyrgð allra, þar á meðal fyrirtækja og stofnana, að virða tilmæli stjórnvalda í þessu ástandi og hefur beint því til stofnana að veita starfsmönnum sveigjanleika í þessum aðstæðum. BSRB leggur áherslu á að veittur sé stuðningur við fjölskyldur sem þurfa að vera frá vinnu vegna samkomubanns og beinir því til stjórnvalda að koma til móts við foreldra sem njóta ekki þess sveigjanleika að geta unnið heiman frá sér. Þeim tilmælum hefur einnig verið beint til fólks að börn eigi ekki að vera hjá ömmum sínum og öfum á þessum tímum, til þess að vernda viðkvæma hópa. Staðan í samfélaginu breytist dag frá degi og ný álitæfni koma sífellt upp og munu halda áfram að koma upp. Til þess að tryggja öryggi samfélagsins, og sérstaklega viðkvæmra hópa, er mikilvægt að afkoma launafólks sé tryggð, svo fólk veigri sér ekki við að fylgja tilmælum yfirvalda.

Fyrir hönd BSRB



Dagný Aradóttir Pind
lögfræðingur



Landssamtökin

Proskahjálpar

Mannréttindi fyrir alla!

Umsögn Landssamtakanna Proskahjálpar um frumvarp til laga um tímabundnar greiðslur vegna launa einstaklinga sem sæta sóttkví samkvæmt fyrir mælum heilbrigðisyfirvalda án þess að sýna merki þess að vera sýktir, 667. mál.

Sveitarfélög hafa vegna kórónaveirunnar lokað ýmsum starfseiningum sem eru sóttar af fötluðum einstaklingum. Þeir einstaklingar þurfa því að dveljast á heimilum sínum þann tíma sem þeir annars hefðu verið á þeim stöðum og hefðu fengið þar þá þjónustu sem þeir þurfa vegna fötlunar sinnar og eiga lagalegan rétt á að fá. Það leiðir til þess að foreldrar þeirra og/eða aðrir aðstandendur þurfa í mörgum tilvikum að vera heima hjá þeim til að veita þeim þjónustu og stuðning sem þeir geta ekki verið án vegna fötlunar sinnar.

Proskahjálpar hafa borist margar fyrirspurnir frá fólki sem er í þessari stöðu og hefur eðlilega m.a. miklar áhyggjur af þeim tekjuskurðingum sem það kann að verða fyrir vegna þessa.


Landssamtökunum Proskahjálpar finnst augljóst réttlætismál að umræddir foreldrar og aðstandendur sem verða að vera frá vinnu af framangreindum ástæðum fái að njóta sama réttar og mælt er fyrir um í þessu frumvarpi, enda er þar einnig um að ræða óhjákvæmilegar fjarvistir frá vinnu vegna kórónaveirunnar.

Með vísan til þess sem að framan er rakið skora samtökin á velferðarnefnd og Alþingi að gera nauðsynlegar breytingar á frumvarpinu til að tryggja að foreldrar og/eða aðrir aðstandendur fatlaðra einstaklinga sem eru frá vinnu af framngreindum ástæðum njóti sambærilegs réttar og mælt er fyrir um í þessu frumvarpi.

Landssamtökin Proskahjálpar óska eftir að fá að koma á fund velferðarnefndar til að gera grein fyrir þessari umsögn sinni og sjónarmiðum og rökum sem varða aðstæður, þarfir og mannréttindi fatlaðs fólks og nauðsynlegt er að líta til við meðferð frumvarpsins og afgreiðslu.

Virðingarfyllst,

Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður Proskahjálpar
Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri Proskahjálpar



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
b.t.
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 17. mars 2020

2003034SA BG
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um tímabundnar greiðslur vegna launa einstaklinga sem sæta sóttkví samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda án þess að sýna merki þess að vera sýktir – 667. mál.

Þann 13. mars var dreift á Alþingi ofangreindu frumvarpi. Frumvarpið er lagt fram í ljósi breyttra aðstæðna á vinnumarkaði þar sem mikil óvissa ríkir vegna kórónaveiru sem veldur COVID-19 sjúkdómnum.

Með sameiginlegri yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins, sem undirrituð var 5. mars. 2020, náðist sátt um samfélagslega nauðsyn þess að hægja á útbreiðslu COVID-19 veirunnar. Í yfirlýsingunni kemur meðal annars fram að stjórnvöld muni beita sér fyrir að breytingar verði gerðar á lögum um sjúkratryggingar í þá veru að atvinnurekandi, sem greiðir launamanni sem sætt hefur eða mun sæta sóttkví laun, geti krafist sjúkratryggingar um endurgreiðslu kostnaðar að ákveðnu hámarki séu tilteknar aðstæður fyrir hendi eins og t.d. að launamaður geti ekki sinnt vinnu heiman frá.

Athugasemdir við frumvarpið

Sambandið telur frumvarpið mikilvægan þátt í að annars vegar hægja á útbreiðslu sjúkdómsins með því að auka líkur á að fólk fylgi fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda um að vera í sóttkví og hins vegar styður þetta við atvinnulífið á óvissutímum. Sambandið vill þó vekja athygli á eftirfarandi:

- Í frumvarpinu er lagt til að þetta eigi við um aðila sem eru í sóttkví frá tímabilinu 1. febrúar 2020 til og með 30. apríl 2020. Miðað við nýjustu fréttir lítur út fyrir að vel hafi gengið að hægja á útbreiðslu sjúkdómsins sem gæti leitt til þess að núverandi ástand muni vara lengur, þ.e.a.s. lengir þann tíma sem sóttkví er áhrifarík leið til að hægja á útbreiðslu. Gæti því verið skynsamlegt að lengja tímabilið strax í samráði við Landlækni, sóttvarnarlækni og almannavarnardeild ríkislögreglustjóra.
- Nú þegar hafa komið upp dæmi þess að börn þurfi að vera í sóttkví en ekki foreldrar. Hvatt er til þess að gerð sé breyting á frumvarpinu til að ná utan um þennan hóp enda þarf í flestum tilfellum a.m.k. eitt foreldri að vera með barni í sóttkví þótt það fari að sjálfsögðu eftir aldri barnsins. Sömu rök eiga við um mikilvægi þess að foreldrar í þessum aðstæðum njóti launa áfram líkt og aðrir launamenn er þurfa að vera í sóttkví.

Að lokum

Sambandið telur málið í heild vera jákvætt og hvetur til þess að það hljóti skjóta afgreiðslu af hálfu Alþingis að teknu tilliti til framangreindra ábendinga.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 18. mars 2020

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um tímabundnar greiðslur vegna launa einstaklinga sem sæta sóttkví (667. mál).

Samtök atvinnulífsins styðja framkomið frumvarp sem byggir á þríhliða yfirlýsingu stjórnvalda, SA og ASÍ. Eftir að frumvarpið var lagt fram hafa ábendingar borist um efni þess sem samtökin telja rétt að koma á framfæri:

1) Umræða hefur verið um rétt einstaklinga sem fóru frá Íslandi og til svæða sem skilgreind höfðu verið sem hættusvæði fyrir brottför. Segja má að þessir einstaklingar hafi gengið út frá því við brottför að þurfa að sæta sóttkví við heimkomu. Rétt er að nefndin meti hvort rétt sé að undanþiggja þennan hóp í lögnum.

2) Umræða hefur verið um útvíkkun gildissviðs frumvarpsins. SA taka undir að rétt sé að skoða stöðu annarra hópa en telja rétt að fara varlega í þeim efnum og meta heildaráhrifin. Ef einum hópi er bætt við gildissviðið þarf að skoða hvort efnisrök standa gegn því að bæta við öðrum hópi sem telur sig vera í sambærilegri stöðu. SA telja rétt að nefndin meti hvort rétt sé til að afgreiða frumvarpið m.v. gildissvið þess með þeim fyrirvara að nefndin muni sjálf leggja fram frumvarp um breytingu á lögum vegna annarra hópa, verði talin ástæða til.

Sérstaklega hefur verið rætt um foreldra barna sem sæta sóttkví en dæmi eru um að bekkir og árgangar í einstökum skólum séu heima vegna smitaðs nemanda. Í því sambandi er rétt að hafa í huga:

- a) Barn í sóttkví er ekki veikt og þarfnast ekki umönnunar nema þá sökum þess að það getur ekki verið eitt heima vegna ungs aldurs.
- b) Á heimilum eru oft eldri systkini sem eru t.d. í menntaskóla eða háskóla og nú heima vegna lokunar þeirra stofnana. Ekki er þá þörf á viðveru foreldra.
- c) Fjöldi foreldra er nú heimavinnandi vegna breytts skipulags á vinnustöðum vegna Covid-19. Ekki er ástæða til að fallast á umsókn um greiðslur frá ríkinu í þeim tilvikum, hvorki frá því né hinu foreldrinu.

Ástæða þess að SA kjósa að koma framangreindum ábendingum á framfæri er fyrst og fremst sú að samtökin munu árétta sérstaklega gagnvart aðildarfyrirtækjum að virða anda laganna og ganga ekki lengra í endurkröfum en sannanlega er réttur til. Það þýðir eðlilega að meta stöðu þeirra sem gengið hafa gegn tilmælum sóttvarnarlæknis og greiða ekki einstaklingum laun vegna sóttkvíar barna, verði sá réttur hluti gildissviðs laganna, þegar atvinnurekendur hafa vitneskju um að ekki sé þörf á nærveru foreldris. Það mun hins vegar þýða að þessir einstaklingar munu sækja beint um greiðslur til Vinnumálastofnunar með því álagi sem því mun fylgja fyrir stofnunina.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka atvinnulífsins



Ragnar Arnason, lögmaður,
forstöðumaður vinnumarkaðssviðs

Velferðanefnd Alþingis
Nefndarsviði
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 18. mars 2020

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um tímabundnar greiðslur vegna launa einstaklinga sem sæta sóttkví samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda án þess að sýna merki þess að vera sýktir. Þingskjal 1131 - 667. mál.

Öryrkjabandalagið lýsir ánægju sinni með frumvarp félags- og barnamálaráðherra enda og stuðlar það verulega að því að hægja á útbreiðslu Covid-19. ÖBÍ styður afgreiðslu þess að teknu tilliti til neðangreindra ábendinga.

Athugasemdir við frumvarpið

Tryggja verður rétt foreldra fatlaðra barna sem og rétt maka og aðstandenda fatlaðs einstaklings sem settur eru í sóttkví eða er gert að vera heima vegna lokana dagvistunar, leikskóla, skóla eða þjónustumiðstöðvar eða annars úrræðis fyrir fatlaða fullorðna einstaklinga er lokað vegna Covid-19.

ÖBÍ tekur undir umsagnir Þroskahjálpar og Sambands sveitarfélaga, m.a. að mikilvægt sé að foreldrar og aðstandendur fatlaðs fólks njóti sama réttar og mælt er fyrir um í frumvarpinu, enda sé það óhjákvæmilegt að foreldri eða aðstandandi verði að vera heima hjá viðkomandi fötluðum eða langveikum einstaklingi, hvort sem einstaklingurinn er barn eða fullorðinn. Frumvarpið þarf að ná utan um foreldra allra barna sem þurfa að vera í sóttkví vegna Covid-19.

Öryrkjabandalagið bendir á 11. gr. SRFF í þessu sambandi, í greininni kemur fram skylda ríkisins til þess að grípa til allra nauðsynlegra ráðstafana sem þörf er á til að tryggja öryggi og vernd fatlaðs fólks í ástandi sem þessu (situations of risk). Sérstakur skýrslugjafi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks var í gær að benda á að ríki verða að gæta sín á því að taka fullt tillit til réttinda fatlaðs fólks, það ætti t.d. við að tryggja aðstandendum fjárhagslegan stuðning. Því er nauðsynlegt að foreldrar og aðstandendur njóti sama réttar og mælt er fyrir í frumvarpinu.¹

ÖBÍ er tilbúið að gera grein fyrir umsögn sinni og sjónarmiðum sem varða mannréttindi og þarfir fatlaðs fólks við meðferð og afgreiðslu frumvarpsins sé þess óskað.

Ekkert um okkur án okkar.


Þuríður Harpa Sigurðardóttir,
formaður ÖBÍ

1

https://www.ohchr.org/EN/NewsEvents/Pages/DisplayNews.aspx?NewsID=25725&LangID=E&fbclid=IwAR2czfA34ZT6rGmzmaTuS_ejWUbyTjeWK3aN7rU6zRs5WfZFicF0s48N1U8 Orðrétt segir hún: "Access to additional financial aid is also vital to reduce the risk of people with disabilities and their families falling into greater vulnerability or poverty."